- Ég bý í miðborginni. Þannig að spurningin um ferðamenn „í mínu hverfi“ og „í miðborginni“ eru í reynd sama spurningin. Annað sem ber að nefna eru áhrif ferðamanna á framboð leiguíbúða og leiguverð, sem er sennilega ein veigamesta spurningin sem við stöndum frammi fyrir en ber lítið á góma (og virðist algerlega hafa gleymst hérna).
- Fáranlega mörg hótél og gistiheimili í 101 og nær ómögulegt að fá bílastæði við heimilið ef komið er heim t.d. eftir kl. 18. Annar hver ferðamaður á bílaleigubíl og sífellt þrengir að íbúum.
- Ferðamenn eiga að gista á hótélum og gistiheimilum. Þessi íbúðarleiga er að skemma götur miðbæjarins. Það er betra að í götunum búi fólk sem sé í einhver ár og myndar samfélag. Það er verið að drepa það í dag og þá miðbæinn á vissan hátt líka. En kannski er það meiningin.
- „Ferðamenn vilja blanda geði við innfædda, ekki koma í staðinn fyrir þá! Það þarf að setja kvóta á útleiguíbúðir í íbúðahverfum, sérstaklega í miðbæ og Þingholtum.
- Íslendingar og erlendir ríkisborgarar sem búa hér að staðaldri eiga að hafa efni á að búa í öllum hverfum Reykjavíkur þ.m.t. ofangreindum hverfum.
- Fleiri ruslatunnur.
- Flestir virðast vera ánægðir og eru kurteisir.
- Fór í strætó um daginn þar sem ferðamenn hoppuðu inn að aftan og settust án þess að borga eins og gengur og gerist erlendis. Fannst það bara hress.
- Fækka ódýrum gistirýmum og þar með ferðamönnum á Íslandi öllu. Það þarf að endurskoða ferðamannabatterið frá A-Ö. Hvað vilja Íslendingar?
- Gera verður talsverðar breytingar á skipulagi og þjónustu svo hægt sé að taka á móti ferðamönnum. Ekki var hugað að þeim þætti þegar ráðið var í markaðssetningu á Íslandi.
- Gott mál að hafa spennu og áhugasama ferðamenn.



Sp.22. Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri varðandi ferðamenn í höfuðborginni?

101 Reykjavík, frh.

- Halda þarf menningu áfram í miðbænum ásamt því að gera venjulegu fólki kleift að búa áfram á þessu svæði. Ekki hægt að hafa bara ferðamenn, hótél og verslanir í miðbænum.
- Hefur góða reynslu af ferðamönnum þó ferðaþjónustan kosti mikið.
- Hlúa þarf vel að ferðaþjónustunni og tel ég ágætlega staðið að uppbyggingu hennar í dag.
- Jákvæð þróun sem skilar gjaldeyri.
- Jákvætt fyrir alla ef rétt er á haldið.
- Koma þarf fyrir svarta atvinnustarfsemi í gistingu.
- Komi þeir fagnandi.
- Með auknum ferðamönnum þarf að gera ráðstafanir á þessu litla landi.
- Mega ekki vera mikið fleiri en þeir eru nú þegar.
- Meira.
- Mér dettur ekkert í hug.
- Mér finnst ferðamenn lífga upp á bæinn og fagna fjölda þeirra. Vissulega er aðeins of krökkt af túristabúðum sem selja kínverskar lopapeysur og lundadúkkur, en í leiðinni hefur hönnunarbúðum með alvöru íslenskri hönnun fjölgað og verslun þar aukist.
- Mjög jákvæð þróun.
- Mjög slæmt þegar ferðaiðnaðurinn ytir út ungu fólki úr íbúðum í miðborginni og líka vegna þess að það er gert á svörtum markaði.
- Mætti beina þeim á fleiri svæði í borginni, dreifa álaginu. Mætti einnig styrkja hverfiskjarna- eitthvað fyrir fólkið sem býr í borginni.
- Mætti vera meira um götulist og meira lifandi utanhúss- nýta t.d garðana.
- Mættu dreifast svolítið meira um borgina, fá að sjá svolítið meira en bara miðborgina.
- Nei. Ég er sátt við þetta eins og þetta er. Jákvæður hlutur.
- Of mörg hótél og lundabúðir í 101.
- Óeðlilegt að rútur keyri ferðamenn á gististaði þar sem engin aðstaða er, sérstaklega í miðborginni.
- Ótraust tekjulind til framtíðar, of mikið lagt upp úr ferðamennsku, slæmt að auka upp úr öllu valdi án þess að styrkja innvið slæm áhrif á húsaleigu fyrir almenning.
- Passa að fyllast ekki of mikilli græðgi og einhæfni.
- Sem íbúi í 101 er það mín skoðun að þeim þurfi að dreifa betur um höfuðborgarsvæðið. Hótél á að byggja víðar, ekki aðeins á litlu frímerki í 101. Það á að nýta ferðamenn til að vera grunnur undir fjölbreyttari þjónustu í fleiri hverfum borgarinnar Kaffihús, veitingastaðir, verslanir eru nánast allar í 101 og þar af leiðandi sækja ferðamenn þangað. Eldri hverfi og ný hverfi í Skeifunni, Ármúlanum, Vogunum og víðar ættu að fá hluta þeirrar hótélstarfsmi sem nú er í 101.
- Skoða þarf framboð verslunar í miðborginni, alltof einhæft og of mikið stílað inn á ódýra minjagripi.
- Svarmöguleikar eru stundum of einhæfir og þröngir.
- Taka þarf tillit til íbúa á miðborgarsvæðinu, annars á túrisminn eftir að drepa túrismann.
- Umferð fólksflutningabíla í kringum þá of mikil.
- Umferð hópferðabíla í miðborginni mjög hvítleið. Þeir virðast alltaf þurfa að leggja uppá gangstéttum alveg við dyr gististaða með tilheyrandi óþægindum fyrir gangandi vegfarendur. Það er eins og ferðamenn megihelst ekkert að þurfa að ganga.
- Vantar betri aðbúnað fyrir ferðamannaiðnaðinn, vantar pláss fyrir það.
- Vantar fjölbreytni.
- Verðskrá í kaffihúsi eða veitingastað er sett fyrir ferðamenn (of dýr fyrir íbúa).
- Verslanir í miðborginni mættu vera opnar á sunnudögum svo þetta vesalings fólk sé ekki að fara fýluferðir.



Sp.22. Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri varðandi ferðamenn í höfuðborginni?

101 Reykjavík, frh.

- Við eigum bara að fagna þeim. Ef þetta fer í taugarnar á íbúum miðbæjarins, þá verða þeir íbúar bara að flytja annað;-) Ég bý í miðbænum og þetta er upp til hópa mjög fínt folk og færir okkur gjaldeyri til landsins.
- Yfirvöld hugsa fram í tímann og undirbúa tímanlega svo við missum þetta ekki úr höndunum.
- Það er mikil vöntun á almenningsslósettum í miðborginni. Til háborinnar skammar að Reykjavíkurborg skuli ekkert gera í þeim efnum. Þá kannski hætta þeir að nota garðinn minn til að athafna sig! Svo eru það bílastæðapörfin þeirra í húsa-götunum í miðborginni! Sjáfur kemst maður ekki heim til sín eftir ákveðinn tíma á kvöldin þar sem bílar ferðamanna hafa tekið öll stæðin..... Því gistiheimilin auglýsa ókeypis bílastæði sem hluta af bónus!
- Það er vissulega meira líf í borginni með komu/veru ferðamanna. Stutt gæti samt orðið í að þeir verði of margir og ofgnótt er aldrei af hinu góða.
- Það má dreifa þeim um borgina. Á sumrin eru þeir nánast á sama blettinum, í miðborginni.
- Það vantar fjölbreyttari þjónustu og verslanir í miðbæinn, orðið of einhæft með auknum fjölda ferðamanna.
- Það vantar fleiri almenningssalerni.
- Það voru spurningar um ferðamenn og veitingahús, kaffihús og verslanir en ekkert um skemmtistaði og bari. Íslendingar komast varla að á börum í miðbænum vegna allra ferðamannanna og það er farið að vera mikið að gera á börum á hverju kvöldi - þá 90% viðskiptavina ferðamenn. Ég hef sjálf minnkað kaffihúsa og barrólt mikið eftir þessa aukningu, það er leiðinlegt að sitja á veitingastað/kaffihúsi eða bar og heyra ekkert nema læti í útlendingum í kringum sig- sérstaklega þegar maður vill t.d. spjalla rólega við vini.
- Það þarf að huga betur að því að hafa fleiri salerni og ruslafötur í miðbænum. Svo er hávaðinn frá einkapötum og útsýnisflugi lítilla flugvéla með ferðamenn, allt of mikill.
- Það þarf að takmarka gistirými í miðborginni, það er alveg ótækt hversu mikið er orðið af útleigu hvort heldur sem gistiheimili eða í heimahúsum, miðbærinn getur engan veginn tekið við öllum þeim bílaleigubílum sem þessu fylgir ég sem íbúi íhuga flutning vegna þessa.
- Þarf fleiri ruslatunnur.
- Þau vandamál sem fyrir eru eru ekki vegna ferðamannanna heldur ferðabjónustunnar, þótt margt sé til fyrirmyndar ber líka á tillitsleysi, frekju og yfirgangi rekstrar- og þjónustuaðila í bransanum. Of mörg gistiheimili leyfð í íbúahverfum, sérstaklega í Þingholtunum þar sem heilu göturnar hafa sums staðar verið lagðar undir gistiheimili og þá er hætt við að sálin fari úr hverfinu ef engir eru íbúarnir að staðaldri. Það þarf að auka gæðaeftirlit, skipulag og samvinnu við íbúa, bæðir borginni sem annars staðar.
- Þeir eru velkomnir.
- Þeir sem ættu að vera að skipuleggja bulla út í það endalausa. Miðborgarastjóri gerir ekkert. Fólk er ekkert í þessum málum af alvöru. Ferðamenn eru í sjálfu sér jákvæð viðbót, en skipulagsleysi og tóm blind græðgi hleypur illu blóði í fólk og ekki síst Íslendinga. Reglur um skammtímaleigu eru ósanngjarnar, fasteignatekjur eru áttfallt hærrí og þetta nær engri átt og þessar óréttlátu reglur stuðla að svartri atvinnustarfsemi. Ég hvet þjóðina til að hysja upp um sig buxurnar og skipuleggja þessa hluti almenni, annars heldur þetta áfram í vitleysunni og stefnir í óefni. Hvernig er tekið á móti ferðamönnum, skattlagning gistirýmis, aðstaða fyrir langferðabíla o.s.frv. og líka út um land. Það þarf að dreifa ferðamannafjöldanum meira og markvissara og hafa ákveðna ítölu í staðinn. Ekki hleypa of mörgum í einu að helstu stöðum.
- Þurfum að búa betur að þeim = Auka þjónustuna.



Sp.22. Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri varðandi ferðamenn í höfuðborginni?

103 Reykjavík, frh.

- Vantar meiri afþreyingu fyrir almenning t.d. að dansa ofl. Dansstaðir mættu vera fleiri, ekki bara barir.
- Vantar upplýsingar til ferðamanna og ferðamenn til að bera virðingu fyrir náttúruna. Strangari reglur öllu sem viðkemur ferðamönnum.
- Við höfum sofið á verðinum, við verðum að dreifa ferðamönnum meira um landið.
- Þeir peningar sem koma frá ferðamönnum þurfa að skila sér í uppbyggingu fyrir ferðamennina.

104 Reykjavík

- Nei. (6 nefna það)
- Áreiðanlega elskulegt fólk og gaman að æfa sig á erlendum tungumálum.
- Borgin mætti leggja meiri áherslu á slátt og hirðu umhverfis og almennan þrifnað sem og viðhald sem skortir sárlega allan ársins hring með eða án ferðamanna. Reykjavík er orðin subbuleg og það er ekki ferðamönnum að kenna.
- Þý ekki í höfuðborginni lengur og finnst ég ekki geta svarað þessum spurningum.
- Ef þeir eru að ferðast utan borgarinnar þá þarf að hlýða þeim yfir veðurfréttir og kenna þeim á veður og færð á landinu.
- Ég tel að ferðamenn upp til hópa sé gott fólk og kurteist. Annað, það þarf að upplýsa betur ferðamenn sem taka á leigu bílaleigubíl um veðurfar og benda á að útlarpstöð er til staðar á landinu sem flytur ensku. Ennfremur þurfa bílaleigur að vera með vel búna bíla til leigu ekki hálgerð sumardeck undir þeim og ef eitthvað kemur fyrir er ferðamönnum kennt um því það er svo einfalt að þurfa ekki að bera neina ábyrð. Ég tel að það þurfi að setja lög yfir bílaleigur sem leigja bíla yfir vetratímamann og ef eitthvað kemur fyrir bíl og farþega verður bíllinn skoðaður og metinn eftir þeim aðstæðum sem veður og færð var. Það má sekta bílaleigur ef þær hafa ekki farið að lögum og ábyrð en ekki kenna útlendingum ávalt um. Þjörgunarsveitir verða líka að láta í sér heyra.
- Gerum jafn vel við þá eins og við viljum láta gera við okkur sem ferðamenn erlendis.
- Jákvæðar hliðar: 1. Ferðamenn eru velkomnir og gera mann lífið í borginni fjölbreyttara, líflegra og skemmtilegra. 2. Ferðamenn ganga betur um. Og þeir eru kurteisari en landinn. Neikvæðar hliðar: 1. Það vantar stefnu mótun af hálfu hins opinbera. Helstu birtingarmyndir þess er skammtímagróði og offjölgun ferðamanna. 2. Græðgi landans birtist í hækkingu vöruverði sem bitnar á okkur sem búum hér. 3. Græðgin birtist líka í tilhneigingu landans til að mæla ágæti ferðapjónustunnar í fjölda ferðamanna fremur en gæðum. 4. Erlendir gestir fá almenn betri þjónustu en landinn. Með fjölgun ferðamanna gerði maður sér vonir um bætt samgöngkerfi, sbr. strætó sem hefur ekki gengið efir. Í annan stað er Reykjavík líklega eina höfuðborgin í Evrópu sem býður hvorki upp á almenningssalerni, né símaklefa. Og klukkur eru horfnar líka, hvort heldur á torgum eða í verslunarmiðstöðum. Landinn virðist halda að allir hugsi eins og hann sjálfur, en málið er að erlendir gestir sem sækja okkur heim eru ekki endilega útbúnir tækjum og tólum. Og allra síst ferðaklósettum eða póstkössum sem enginn, hvort heldur ferðamenn eða borgarþáttar vita hvar er að finna. Þetta þarf að laga.
- Kannski sniðugt að gefa þeim tækifæri til að hitta local fólk heima hjá því.
- Mætti dreifa gististöðum og afþreyingu meira.
- Óþarft að fjölga ótakmarkað.
- Ríkið og borg þarf að standa sig betur að gera borgina (Ísland) ferðavænni. Svo hún verði áfram spennandi.
- Rútuumferð í miðborginni er mjög fráfælandi og veldur vandræðum, mengun og töfum. Ég bjó áður í miðborginni og þrátt fyrir að líf hafi færst í miðbæinn hefur verslun orðið einsleitari (endalausar lundabúðir og veitingastaðir) og þjónusta við íbúa síst batnað. Hjá vinum mínum í miðborginni er mikið ónæði af gistihúsnæði og hótelum og stanslausum umgangi allan sólarhringinn. Persónulega þekki ég ungt par með nokkurra mánaða gamalt barn sem þarf í þessm mánuði að finna sér annað húsnæði vegna þess að leigusali hyggst leigja ferðamönnum í skammtímaleigu og hækka verð. Ég hef áhyggjur af því að skyndilausnir í ferðamannabransanum séu allsráðandi, bæði í miðborginni og á landsbyggðinni, og ekki hugsað fram í tímann, hvorki af hálfu stjórnvalda né þeirra sem starfa í ferðapjónustu.



Sp.22. Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri varðandi ferðamenn í höfuðborginni?

104 Reykjavík, frh.

- Við getum mikið lært um að veita þeim upplýsingar, tryggja öryggi þeirra og vinsamlega samskipti við alls konar fólk.
- Við viljum fá að ferðast hvert sem er í heiminum og ætluð til að fá góða þjónustu alls staðar og ættum að koma fram við ferðamenn og skilja þá eins og við viljum að komið sé fram við okkur erlendis.
- Það er almennt út í hött að ferðabjónusta greiði lægri skatta en aðrar greinar atvinnulífsins. Á sama tíma er ekki til peningur til að halda við og bæta aðstöðu á ferðamannastöðum.
- Það þarf að huga að uppbyggingu í 101, sérstaklega með tilliti til hugsanlegrar bólu í þessum bransa. Það gæti komið okkur í koll ef að skyndilega myndi draga úr komu ferðamanna t.d. vegna náttúruhamfara hverskonar og þá gæti svakaleg fjárfesting í ferðamanna geiranum hugsanlega verið í uppnámi.

105 Reykjavík

- Nei. (6 nefna það)
- Að við komum vel fram við ferðamenn.
- Alger snilld hvað fjöldi ferðamanna hefur aukist á öllum tímum árs og glætt borgina lífi og stemningu. Tala nú ekki um hvað rekstrargrundvöllur allra þessara frábæru veitingastaða og kaffihúsa niðri í bæ hefur tekið algerum stakkaskiptum. Tónlistarlíf sömuleiðis.
- Allir velkomnir.
- Aukinn fjöldi ferðamanna þýðir að gæta þarf þess að Íslendingar verði ekki útlendingarnir í sinni eigin höfuðborg. Ferðamenn virðast margir hverjir ekki taka neitt tillit til þess hvernig okkar „menning“ er t.d. í sundlaugum. Mér finnst vönt að ganga um mína borg og líða eins og ég sé útlendingurinn. Þróunin hefur sem sé ekki verið í rétta átt. Við megum ekki bara horfa á að ferðamenn komi með gjaldeyri inn í þjóðarbúið- það er gott - en það er líka á kostnað annarra hluta. Þurfum að vera varkárari þegar við auglýsum landið okkar.
- Aukning ferðamanna er jákvæð þróun en uppbygging þarf að vera í samræmi og vera gerð með framsýni í huga og með heildstæðum hætti.
- Bara yndislegt að heimurinn vilji koma hingað og dást af landinu okkar.
- Benda bönkunum á að fylgjast með leiguíbúðunum í þeirra eigu sem leigðar eru út, sumar er framleigðar til ferðamanna. Þetta er auðvitað bannað. Ekkert er viðhafst þó ábendingu sé komið til eiganda í þessu tilfelli sem ég veit um að er banki.
- Efla sölu á íslensku handverki þar sem skemmtiferðaskip koma að landi.
- Ekkert sem mér dettur í hug.
- Ég tel að framboð af affþreyingu, menningartengdum viðburðum, veitinga- og kaffihúsum hafi blómstrað töluvert í miðborginni með auknu streymi ferðamanna.
- Ég vil að greiddur sé skattur af atvinnurekstri sem byggir á ferðamönnum. Þar hafa stjórnvöld brugðist.
- Fínir, eins og lítil hugfangin börn.
- Fólk á að koma fram við þetta fólk eins og annað fólk.
- Gera ráð fyrir aðkomu að hótelum fyrir rútur.
- Hreinlætið í borginni hefur minnkað frá því að ferðamenn fór að fjölga en ég tengi það ekki við ferðamennina heldur frekar forgangsroðun hjá borginni sem lætur síður þrifa götur og gangstéttir vegna niðurskurðar, það er ekki hægt að skella þeirri skuld á ferðamenn.
- Já, þjónar á veitingahúsum eru oftar en ekki erlendir og það fer í taugarnar á mér að geta ekki pantað mat á íslensku á mörgum veitingahúsum.
- Kurteisir flestir.
- Með þessu áframhaldi verða Laugavegurinn og Kringlan að mestu ferðamannabúðir.



Sp.22. Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri varðandi ferðamenn í höfuðborginni?

107 Reykjavík

- Nei. (6 nefna það)
- Allt af mikið af hótélum og gististöðum í miðborginn. Plága.
- Alltof margir ferðamenn og allt í miðbænum sniðið að þeim þörfum og gleymt þeim sem búa á svæðinu.
- Almennt eru ferðamenn/konur, kurteis og vel talandi. :D
- Borgin væri ekki svipur hjá sjón án þeirra.
- Ekki auka gistipláss í 101.
- Endalaus vöxtur er ekki mögulegur, það getur komið verulegt bakslag vegna efnahags eða umhverfismála. Leggja ber meiri áherslu á fjárfestingu í þjónustu en hótélum.
- Ferðamenn ganga yfir götur með farsímann í notkun, hættulegt í umferðinni.
- Koma rútum af götum í miðbænum. Nægjanlegt að hafa BSÍ og svo stóra bílastæðið við Lækjartorg. Algjör óþarfi (og nánast óþekkt erlendis) að þú kaupir far með rútu frá flugvelli og alveg heim að dyrum á hótélinu. Með þessu er gamli miðbærinn fullur af rútum daga og nætur með tilheyrandi raski, t.d. á umferð þar sem maður er stundum stopp fyrir aftar stórar rútur sem eru að hleypa fólki út. Eðlilegra er að hafa endastopp á BSÍ og ferðamenn finni sér far þaðan til gististaðar.
- Markvissari markaðsfærsla útfyrir hið hefbundna. Óttast að miðbærinn endi sem Benidorm norðursins. Minjagripaverslanir, allar eins sem selja lopasokka og lunda, inn á milli einsleit kaffihús með ferðamönnum og starfsfólki sem kann ekki að sgja já á íslensku hvað þá meira. Vantar að laða að venjulega Íslendinga í miðbæinn og fjölskyldufólk. Starfsólk í búðum og veitingahúsum sem tala bara ensku og ekki orð í íslensku það er dapurt, slíkt hrekur mig burt. Held að útendingar vilji heya okkur tala okkar eigið mál, hvar eiga þau að heyra íslensku.
- Mér finnst frábært að Reykjavík og Ísland almennt sé að verða spennandi kostur sem ferðamannastaður fyrri erlenda aðila.
- Nei takk.
- Of mörg hótél. Of margir gististaðir. Of mikil græðgi.
- Skortir náttúruminjasafn, upplýsingar um náttúruminjar og náttúrufærði.
- Tel vera mikið um svarta atvinnustarfsemi í sambandi við ferðamenn. Ungt fólk á erfitt með að fá íbúðir leigðar eða keyptar á sanngjörnu verði.
- Verslun og þjónusta í miðbænum er orðin of einhæf. Það endar með því að það verða ferðamenn að væflast innum aðra ferðamenn þar.
- Virða ekki umferðareglur, alltof mikið af hótélum og túristabúðum.
- Yfirvöld mættu fylgja því mun betur eftir að koma í veg fyrir svarta atvinnustarfsemi í tengslum við ferðamannaiðnaðinn.
- Það er ömurlegt að sjá Reykjavík breytast í Fishermans Warf (eins og í San Francisco) þar sem allt authenticity er horfið og ferðamennirnir standa bara og glápa á hvorn annan. Það mun ekki góðri lukku stýra.
- Þetta eru hin bestu grey.
- Þróa þarf fjölbreyttara framboð á náttúru tengdri ferðaþjónustu, t.d. stuttar gönguferðir um nágrenni Reykjavíkur m.a. annars fuglaskoðun, fjöruferðir þar sem kennt er að tína og hagnýta þang, þara, skeljar, krabba etc., gönguferðir um stórbrotið landslag, hraun, goshveri, menningarmínjar o.s.frv. Lengja þarf enn opnunartíma safna og sundlauga, sérstaklega yfir vetrarmánuði og opna verður náttúrugripasafn.



Sp.22. Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri varðandi ferðamenn í höfuðborginni?

108 Reykjavík

- Nei. (14 nefna það)
- Almenn: Ferðapjónustan á að greiða vsk af sinni þjónustu, gistingu, veitingum og ferðum. Útsýnis og upplifunarferðir eru ekki almenningssamgöngur og eiga að bera vsk.
- Finnst almennt að ferðamenn séu til fyrirmyndar þó vissulega megi finna undantekningu þar á. Hitti mikið af ferðamönnum á sumrin vegna vinnu minnar og er mikill meirihluti þeirra mjög kurteis og þakklátur fyrir alla aðstoð sem þau fá.
- Njóta sín.
- Rútabílstjórar mættu vera tillitssamari með að loka ekki götum.
- Rútur í Aðalstræti geta verið til vandræða.
- Velkomnir.
- Vona að ekki verði kollsteypa og fólksflótti síðar meir vegna offjárfestinga í hótélbyggingum í miðbæ Reykjavíkur. Hætt er við að miðbærinn yrði lengi að jafna sig ef til kollsteypu kæmi.
- Það er allt of mikið af ferðamönnum bæði í Reykjavík og á almennun ferðastöðum úti á landi.
- Það er bara dásamlegt að heyra framandi tungur og sjá alla fjölbreytnina í ferðamönnum. Ég gæti trúað því að það mætti bæta opnunartíma verslana og kaffihúsa. Þ.e. opna fyrr á morgnana. Ferðamenn eru almennt vaknaðir fyrr heldur en Íslendingurinn.
- Það er töluvert ónæði af rútabílum í þröngum íbúagötum í miðborginni á öllum tímum sólarhrings.
- Þar sem ég bý, sé ég aldrei ferðamenn. Þess vegna er erfitt að svara.
- Þeir auka á fjölbreytnina.

109 Reykjavík

- Ekki hafa áhyggjur af fjölda ferðamanna.
- Ekki hafa öll hótél í miðbænum.
- Er hugtakið „höfuðborgin“ ekki rangnefni í þessu samhengi- Sem íbúi í Breiðholti verð ég ekki var við ferðamenn, en þekki íbúa í miðbænum sem eru við það að missa hárið út af þessari ferðamannafargan.
- Ég finn fyrir stolti að svona margir vilji skoða landið okkar.
- Margt af því sem spurt er um hér að framan er ekkert eingöngu bundið við fjölgun ferðamanna. Fleiri veitingastaðir, verslanir og annað er allt eins til komið vegna breytts lífstíls Íslendinga.
- Mér finnst oft ansi mikið af þeim, og mér finnst maður bara vera fyrir, sérstaklega í miðbænum.
- Sýnum hvort öðru tillitsemi og nærgætni þá verður allt svo miklu auðveldara, sama hvort er innanlands sem utan innlendur eða erlendur.
- Það þyrfti að bæta við starfsfólki á þjónustumiðstöð ferðamanna niðri í miðbæ um helgar.
- Það ætti að fjölga sundlaugum sem eru opnar um helgar fram á kvöld (22:00), einungis Laugardalslaugin er opin á þessum tíma og athyglisvert að sjá hve margir útlendingar fara í sund á þessum tíma.
- Þeir lífga upp á borgarmyndina.
- Þjóðin öll og borgarbúar hagnast á því að fá hingað erlenda ferðamenn svo við ættum að gera vel við erlenda ferðamenn og veita topp þjónustu við þá.



Sp.22. Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri varðandi ferðamenn í höfuðborginni?

110 Reykjavík

- Nei. (12 nefna það)
- Dreifa ferðamönnum til nágrannasveitafélaga.
- Ekkert.
- Ekki gott ef miðbærinn hverfur undir hótél. Þá hverfur menningin sem ferðalangarnir eru að sækjast eftir að mínu mati.
- Eykur fjölbreytni og gefur borginni alþjóðlegan blæ. Bara jákvætt.
- Ég bý langt fyrir utan 101 Reykjavík svo ég þekki miðborgina lítið, svör mín miðast því við þá fáu daga á ári sem ég fer í bæinn.
- Ég er ekki í neinum tengslum við ferðamenn og hef því ekki þekkingu á slíku, bara búin að sjá öll hótelin og gistinguvæðingarnir niður bæ fer ég afar sjaldan og get því ekki svarað spurningum.
- Gríðarlega mikilvægt að skoða vel hvort allir séu ekki að skila til samfélagsins þ.e. borga skatta og skyldur. Óþolandi að vera í samkeppni við aðila sem ekki standa við sínar skyldur og stunda svarta starfssemi. Það á að taka mjög hart á því strax og vera með þétt eftirlit.
- Innviðirnir eru sprungnir.
- Kynna þeim hvernig á að ganga um Ísland.
- Lífgar upp á borgina, þeir ganga meira um en við „innfæddir“.
- Mér finnst fjölgun ferðamanna hafa gert borgina okkar líflægri, það er fleira fólk á ferli og t.d. hefur framboða á góðum veitingastöðum aukist. En ég vildi að við bættum okkur í menningartengdri ferðaþjónustu þar tel ég sóknarfæri.
- Mér finnst óeðlileg röskun á miðbænum, ekki vegna ferðamanna sem slíkra, heldur vegna græðgisvæðingar gistinguvæðingunnar sem hefur breytt miðbænum í eitt allsherjar hótél, en þrýst allri þjónustu við íbúana yfir í verslunarmiðstöðvarnar.
- Nauðsynlegt að dreifa hótélum og þjónustu við ferðamenn um borgina - nema menn telji að það sé eitthvað aðdráttarafi fólgið í því að breyta miðborginni í hótela og veitingahúsvæði. Útlendingar komi þar til að glápa hver á annan líkt og á Benidorm.
- Það má ekki gleyma að ef ekki fyrir aukinn fjöldi ferðamanna þá hefði Laugavegurinn aldrei orðið eins hann er í dag.
- Það ætti að búa til einhverja áætlun um hvernig á að takast á við þjónustu við ferðamenn - Ekki leyfa að byggja endalaus hótél í miðborginni - ekki endalaust heimila gistiheimili í mið-vesturborginni. Ef engin áætlun verður gerð þá endar Laugavegurinn sem hörmungar flís/lopa/ferðamannaglingur búðir með nokkrum veitingastöðum á milli. Þetta hefur enginn Reykvikingur - Íslendingur áhuga á - og örugglega ekki útlendingarnir heldur. Strætó þarf líka að bæta sig- ótrúlega margir bílstjórar tala enga ensku - og upplýsingar fyrir ferðamenn virðast ekki liggja frammi. Hvernig væri að strætó setti þjónustufulltrúa í bílana sína - á helstu túrista leiðum - t.d. leið 14.
- Þrátt fyrir það að það sé erfiðara að komast að á kaffihúsum finnst mér frábært hversu mikið ferðamönnum hefur fjölgað.

111 Reykjavík

- Nei. (15 nefna það)
- Ekkert sérstakt. (4 nefna það)
- Allt í lagi með ferðamenn. En ókurteisi, þjófnaður og þess háttar er hjá erlendum íbúum í Reykjavík.
- Á meðan hæfilegur fjöldi heimsækir landið bæði yfir sumar og vetur eykur það líf í miðborginni.
- Þjóða þeim öllum á sýningu í Perlunni í júlí.
- Dásamlegt því ég er leiðsögumaður.
- Ekkert sérstakt en mjög jákvæð.
- Gaman að sjá að svona margir skuli hafa áhuga á landinu okkar.
- Koma í veg fyrir þjófnað frá ferðamönnum.



Sp. 22. Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri varðandi ferðamenn í höfuðborginni?

111 Reykjavík, frh.

- Miðborg Reykjavíkur er ekkert nema hótél og búðir sem selja túristadrasl.
- Mikilvægt að heimamenn sýni gestum virðingu og kurteisi.
- Myndi telja þetta allt af hinu góða, mikil atvinna sem þetta skapar, hvort sem um er að ræða uppbyggingu eða þjónusta almennt á vegum ferðaþjónustu/hótela.
- Myndi vilja hafa færri ferðamenn sem skiluðu meira í ríkisskassann, setja 25% skatta á gistingu- og á allt í ferðaþjónustu - þá koma færri en skilja meira eftir.
- Mætti vera betri upplýsingaveita.
- Skortur á almenningsalernum.
- Verið velkomnir til Íslands.
- Við erum að okra of mikið á ferðamönnum og þess vegna hækkar allt og bitnar á okkur heimamönnum, gullæði.
- Það er búið að eyðileggja miðborgina með því að breyta öllu í hótél eða gistiíbúðir. Rífa hús og byggja hótél. Miðborgin var áður iðandi af lífi og verslunum og veitinga- og kaffihúsum. Nú er hún dauð og þær fáu verslanir sem eru þar eru einhverjar hönnunarverslanir sem Íslendingurinn á ekki erindi í. Jafnvel er nærri búið að skemma Skólavörðustíginn sem var eina gatan sem komandi er í.
- Það mætti sjálfsagt auka þjónustu á stórhátíðum svo fólkið sé ekki eins og þegar Palli var einn í heiminum. Íslendingar mættu aðeins slaka á þröngsýninni.

112 Reykjavík

- Nei. (13 nefna það)
- Borgin tekur ekki endalaust við fleira fólki ef það á allt að vera í miðborginni.
- Ekkert.
- Hætta að tala af vandlæti um bakpokaferðamenn og af græðgi um „meira borgandi“. Umtalið skiptir miklu máli, menningin og móttökurnar og má ekki litast að skammtímagræðgi á kostnað langtímahagsmuna/viðskipta.
- Mjög gaman og fjölbreytt fólk á ferðinni.
- Mjög jákvætt að hafa ferðamenn. Það verður þó að fara hugsa um hvort eigi að setja kvóta á fjölda þeirra.
- Mætti vera meira um að vera í úthverfum til að fá ferðamanninn dreifðara. Nóg pláss.
- Nýflutt erlendis frá til Grafarvogs, þekki ekki ástandið hvað ferðamenn varðar í miðborg eða í mínu hverfi.
- Skemmtilegur fjölbreytileiki.
- Steypa okkur ekki í skuldir vegna bygginga. Þetta er ótrygg atvinnugrein.
- Takið þeim opnum örmum!
- Vantar eitthvað út fyrir 101.
- Varðandi spurningar um ferðamenn í mínu hverfi, þá hafa þeir afar lítið að sækja í mitt hverfi og því mjög lítið um ferðamenn þar.
- Það er okkar borgaryfirvalda og íbúa að skipuleggja borgina þannig að jafnvægi verði og allir verði eins ánægðir og hægt er.
- Það vantar tilfinnanlega salernisþjónustu bæði fyrir ferðamenn og landsmenn.
- Þeir stuðla að skemmtilegra og litríkara mannlífi.
- Þjónusta og verslanir eru orðnar einhæfari.



Sp.22. Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri varðandi ferðamenn í höfuðborginni?

113 Reykjavík

- Nei. (19 nefna það)
- Ekkert sérstakt. (7 nefna það)
- Allir ferðamenn velkomnir til landsins sem eru að koma í góðum tilgangi.
- Almenn tjákvætt.
- Dreifa þjónustu og ferðamönnum meira.
- Eflum ferðaþjónustu því ferðamenn verða okkar helsta tekjulind í framtíðinni. :)
- Er sjálf að vinna í ferðaþjónustu og finnst þetta mjög áhugaverðar spurningar og væri áhugasöm að vita hvað er verið að reyna að fá fram og á vegum hvers.
- Finnst þurfa hugsa meira varðandi aukningu í ferðamönnum á veturna, samanber aukningu í útköllun á björgunarsveit.
- Fleiri almenningssalerni og allt um kring landið.
- Mætti vera salerni á fleiri stöðum fyrir ferðamenn.
- Sýna þeim velvild og kurteisi í þeirri von að það sé endurgoldið.
- Vantar affreyningu, vantar betri samgöngur og skipulagningu yfir heildina.
- Vantar fjölbreyttari ferðaþjónustu, standi meira til boða- betra að fá skemmtiferðaskip í Reykjavíkurhöfn í stað sundahafnar. Minni verslun og á daginn í veitingahúsum.
- Vantar fleiri ferðamenn.
- Við þurfum á tekjum tengt ferðamönnum að halda.
- Vill að hótelin dreifðust meira um borgina, ekki öll niður í bæ.
- Þeir gefa borginni líf.

Seltjarnarnes

- Nei. (12 nefna það)
- Ekkert sérstakt. (7 nefna það)
- Að ferðamenn verði betur upplýstir um aðstæður, veður, akstur utandyra.
- Áhyggjur af mikilli fjölgun hótela og gistiheimila í miðbænum.
- Bjart framundan.
- Þjóða þá velkomna.
- Borgin er sóðaleg hefur verið það í mörg ár eða síðan Ingibjörg Sólrún var borgarstjóri og almenninggarðar líka.
- Eykur lífið í miðborginni.
- Finnst frábært að við skulum fá svona marga ferðamenn og þurfum að vinna borgarskiplag með tilliti til þess að þeir vilji áfram koma til okkar.
- Hef rekist á að ferðamönnum finnist strætisvagnakerfið ekki aðgengilegt, vantar almenningssalerni í miðborgina.
- Hótelin mættu vera betur dreifð.
- Hrædd að labba Laugavegin og rölta um bæinn.
- Höfuðborgarbúar mættu vera gestrisnari.
- Höfuðborgin er lifandi með ferðamönnum.
- Jákvætt hvað fjölgun ferðamanna er hröð og hvað þjónusta hefur þróuast samhlíða á jákvæðan hátt.
- Meira líf og lyftistöng fyrir borgina.
- Muna eftir að hafa gatnakerfið í lagi.
- Of mikið byggt af hótelum, brjálæði í gangi.
- Of mörg hótél byggð og búið að búa til of mikið af gistiheimilum úr íbúðahúsnæði.



Sp.22. Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri varðandi ferðamenn í höfuðborginni?

Seltjarnarnes, frh.

- Of mörg hótél í miðborginni.
- Óska öllum í starfseminni hins besta og gott fyrir þjóðfélagið og vona að stjórnámalamenn hafi hemil á skattheimtu.
- Passa að hafa e-ð upp á að bjóða fyrir ferðamenn, nóg af afþreyingu.
- Skortur á upplýsingaskiltum sem benda á helstu staði fyrir gangandi fólk.
- Slæm þróun of mörgum hótélum í miðborg á kostnað annarra menningarlegra innviða.
- Sveitafélögin taki hart á svartri starfsemi sérstaklega svart húsnæði- mjög neikvætt - Taka sérsaklega á því að vera að breyta venjulegu íbúðarhúsnæði í ferðamannahúsnæði.
- Takmarka gistingu í grónum íbúðahverfum.
- Vilja sjá nærumhverfi höfuðborgarinnar og náttúrusvæði verndað með náttúruvernd svo Ísland haldi sinni sérstöðu.
- Yfirvöld þurfa að dansa í takt við fjölgun ferðamanna, hlúa vel að þessum vaxtarsprotu.
- Það þarf að borga þeim sem sinna ferðamönnum hærra laun, alltof lág laun.
- Það þarf að passa að það séu settir meiri peningar í að byggja upp innviði ferðaþjónustu, sérstaklega á það þó við utan höfuðborgarsvæðisins þar sem ágangur að náttúruvernum getur haft í för með sér óafturkræfanlegar skemmdir. Staðan er ekki jafn alvarleg á höfuðborgarsvæðinu en þó setur líka strik í reikninginn að það vantar að huga að innviðum.
- Þarf að taka á ferðamannaaukningunni, skoða vel hvað hægt er að gera.
- Þeir eru velkomnir.
- Þeir eru, ef eitthvað, of margir miðað við Íslendinga sem verða varla á vegi manns.

Kópavogur

- Nei. (9 nefna það)
- Að flugvöllurinn verði áfram.
- Bara að láta borgina líta mikið betur út, mála og þrifa betur.
- Byggja þarf betur upp innviði samfélagsins til að mæta auknum fjölda ferðamanna, bæði í þéttbýli og víða um land.
- Ekki endilega, en sjálf bý ég utan miðbæjar en á stór-Reykjavíkursvæðinu þó.
- Eykur þjóðartekjur.
- Ég bý ekki í höfuðborginni þannig að ég veit ekki hversu markverð þessi svör eru.
- Ferðamenn eru mikilvægari en allur sjávarútvegurinn. Ef 1kr peningurinn væri hannaður í dag ættum við að setja bakpoka á hann og ekki þorsk.
- Finnst ég stundum vera gestur í eigin heimalandi. Afgreiðslufólk talar stundum bara ensku og hreinlega gert ráð fyrir að að maður sé útlendingur.
- Gott að fá peninga inn í landið.
- Halda áfram á sömu leið.
- Miðbærinn er að verða of einsleitur. Of mikið af hótélum og ferðamanna verslunum á þessu litla svæði, þyrfti að dreifast meira. Ferðamenn hafa líka áhuga á að sjá eitthvað sem þeir hafa ekki séð áður, það eru ekki hótél, ferðamannaverslanir og aðrir ferðamenn.
- Nei ekki í höfuðborginni. En það er ótækt að keyra Lyngdalsheiði, vegir ónýtir eftir rútur og erlenda ferðamenn sem kunna ekki að keyra í snjó, allt of mikil umferð, við borgum jú vegina.
- Nei þeir eru ekkert fyrir mér. :)
- Nei, ekkert sérstaklega.
- Of mikil áhersla lögð á miðbæinn og hann er orðinn of mikil túristatorfa.
- Passa að þeir verði ekki of margir. Of mikil þröng skapar leiðindi og getur orðið til þess að þeim fækki til muna, sem þýðir minnkandi tekjur og um leið erfiðari rekstur þeirra fyrirtækja sem eru búin að leggja mikið fé í uppbyggingu.
- Veit ekki.



Sp.22. Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri varðandi ferðamenn í höfuðborginni?

Garðabær / Álftanes

- Nei. (6 nefna það)
- Bara koma á aðkomugjaldi.
- Þý ekki í höfuðborginni og fer mjög sjaldan í miðborgina.
- Þý ekki í höfuðborginni og fer þangað örsjaldan get því engan veginn sagt neitt um það.
- Ekki fleiri hótél eða aðra gistingu, Reykjavík/Ísland er „uppseld“! Verðum að viðhalda því sem ferðamenn koma til að sjá og upplifa, fyrir utan að ef e-ð er „uppselt“ eykur það eftirspurn :-). Höldum standard!
- Fleiri bílastæði.
- Flestar eða allar spurningarnar eru þannig að ég hef ekkert svar við þeim. Ég bý í úthverfi eða réttara, nágrennabæ, nánast svefnbæ, og kemst ekki í neina snertingu við ferðamenn, hvorki viðskiptalega eða á annan hátt. Og í lokin ég er gamall og steinhættur öllu samkvæmislífi á við kaffihúsa-, pöbba- eða veitingahúsarand.
- Gatnakerfi borgarinnar við gististaði sérstaklega í miðborginni er ekki ásættanlegt.
- Gæta þarf að því að setja ekki öll eggin í sömu körfu. Miðborgin of einsleit.
- Hrædd við græðgi Íslendinga - að hún muni skaða landið.
- Mér finnst gaman að ferðamenn vilji koma í minn smábæ og skoða sig um og kynnst sögu hans.
- Njóti þeir borgarinnar og lystisemdar hennar.
- Taka þeim fagnandi.
- Verðslanir eru orðnar mjög ferðamannavænar sem gerir úrvalið á t.d fatnaði fyrir heimamenn minna á Laugarvegnum, gerir það að verkum að ásókn okkar í bæinn er minni.
- Þeir eru velkomnir ef allur gjaldeyris skilar sér.

Hafnarfjörður

- Nei. (7 nefna það)
- Alltof margir ef þú labbar Laugavegin þá er ekkert nema ferðamenn og allt stílað þá.
- Eru að verða of margir.
- Góða ferð.
- Nei. Almenn t yndislegt að sjá líflaga ferðamenn.
- Taktu á móti ferðamönnum eins og þú vilt láta taka á móti þér sem ferðamanni.
- Við eigum að taka þeim vel, þeir hafa aukið við tekjur þjóðarinnar og skapa fjölbreyttara vinnuumhverfi fyrir okkur Íslendinga.
- Við verðum að fara varlega í hraða aukningu á fjölda ferðamanna.
- Það er of mikið horft til að setja ferðamenn í Reykjavík. Það er ekki mikil starfsemi fyrir ferðamenn og lítið gert til að láta þá að Hafnarfirði eða Kópavogi fyrir utan gistingu.
- Þurfum að hlúa vel að þessari þjónustu þar sem hún gæti hjálpað okkur mikið við að byggja okkur upp. :)

Mosfellsbær

- Nei. (10 nefna það)
- Af og til mætir maður eingöngu erlendum ferðamönnum í miðborginni. Ekki skemmtilegt!
- Ef landið og samfélagið taka ekki ákvörðun um að taka öll ferðamannamál föstum tókum, stýra fjölda, auka faglega nálgun, stjórna álagi og bjóða upp á nauðsynlega þjónustu og hreinlætisaðstöðu og um leið taka af þeim þá tekjustrauma sem þörf er á til að standa undir áframhaldandi velferð náttúru og samfélags þá mun illa fara fyrir okkur og náttúrunni. Menn þurfa að hugsa til lengri tíma og huga að sjálfbærni.



Sp. 22. Er eitthvað fleira sem þú vilt koma á framfæri varðandi ferðamenn í höfuðborginni?

Mosfellsbær, frh.

- Er voða lítið á ferðinni í höfuðborginni.
- Ég bý í Mosfellsbæ en vinn í Aðalstræti í Reykjavík- finn því verulega fyrir fjölgun ferðamanna þegar ég er við vinnustað. Þetta er mjög kurteist og gott fólk, fer ekkert fyrir þeim. Svo setja þeir skemmtilegt yfirbragð á bæinn.
- Jákvæð þróun.
- Miðborgin er farin að snúast að svo miklu leyti um ferðamenn að íbúar eiga fátt þangað að sækja.
- Nei því mínar hugmyndir og skilaboð fá ekki verðskulaða athygli eins og t.d. bíllinn minn sem gengur á 50/50 bensíni og vatni og mengar ekkert.
- Of mikið um svarta atvinnustarfsemi.
- Óttast að vont veður undanfarin ár muni fæla ferðamann frá landinu í framtíðinni. Óttast að mikið af ferðamönnum muni hækka verð á veitingastöðum.
- Sátt.
- Það má láta þá í friði og ekki ráðast á þá og herða refsingar við því að ráðast á þá.